

Tússtöflumálning með segulmögnum – Glær

Smart Magnetic Whiteboard Paint - Clear

Með segulmögnum tússtöflumálningunni er hægt að sleppa því að kaupa dýra seglatússtöflu fyrir skólann eða fyrirtækið; í staðinn má nota þessa lausn til að umbreyta veggnum sjálfum í tússtöflu. Þá er hægt að festa segla og skrifa beint á vegginn.

Segulmagnaða tússtöflumálningin opnar fyrir marga möguleika á vinnusvæðinu. Þannig er hægt að auka aðstöðu fyrir sköpun, skilvirkni og einbeitingu án þess að fórna hönnun rýmisins með klunnalegum veggstöflum eða töflustöndum. Hér er manni gert kleift að búa til segulmagnaðan tússtöflulöt en viðhalda samt stílnum á vinnusvæðinu. Efnið kemur í pakkasetti sem inniheldur öll þau verkfæri sem þarf til verksins. Segulmagnaða tússtöflumálningin er með 10 ára ábyrgð.

- 10 ára ábyrgð
- Helst blettalaust
- Heldur uppi 4 blöðum með Neodymium segli
- Virkar með öllum tússum og fylgihlutum
- Tilbúið til notkunar eftir 4 daga
- Laus við leysiefni og isocyanates, lágmarks VOC (rokgjörn lífræn efni)
- Vottanir: LEED, M1, VOC og IAC (Indoor Air Comfort)
- Brunavottun frá Fire - Euroclass B

Tæknilegar upplýsingar

Þekja – 6m² sett:

Þekja / Magn / Þyngd: Segulmálning – 6m² / 1900ml / 5.56kg

Þekja / Magn / Þyngd: Tússtöflumálning – 6m² / 378ml / 423g

Þekja – 2fm² sett:

Þekja / Magn / Þyngd: Segulmálning – 2m² / 950ml / 2.28kg

Þekja / Magn / Þyngd: Tússtöflumálning – 2m² / 126ml / 146g

Litur – Segulmálningin: Grátt

Tússtöflumálningin: Glært

Vinnslutími (tússtöflumálningin) – 1 klst

Gljái – Glans (98 GU við 60°)



Segulefnainnihald – 55% seguljárnsteinn

VOC – Undir 13 g/l

Grunnur – Notið vatnsþynntan grunn á milli segulmálningunnar og tússtöflumálningarinnar. Ómálaða eða gljúpa fleti skal fyrst grunna með vatnsþynntum grunni.

Viðeigandi fletir – Veggir, skrifborð / fundarborð, húsgögn, gler og allir sléttir fletir

Innihald í pakkasetti

- 1 x Segulmálning
- 1 x Tússtöflumálning
- 2 x Neodymium kraftseglar
- 1 x Örtrefjaklútur
- 1 x Merkimiði
- 1 x Rúlluskaft
- 2 x Rúllur
- 1 x Slípikubbur
- 1 x Hræriprik
- 1 x Par hanskar
- 1 x Leiðbeiningabæklingur

Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og fastur í sér. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Mikilvægt er að flöturinn sé alveg sléttur fyrir málun. Gott að slípa yfir hann með fínnum sandpappír til að ná niður misfellum. Sléttur flötur eykur líkur á lýtalausri áferð
- Gler og aðra spegilsléttu eða glansandi fleti þarf að matta með slípifilt til að tryggja góða viðloðun
- Ómálaða eða gljúpa fleti skal grunna með vatnþynntum grunni
- Hrærið vel í segulmálningunni áður en hún er borin á. Málið fyrstu umferð. Eftir um 2 klst er þússað létt yfir flötinn með 1200p sandpappír. Farið að minnsta kosti 2 umferðir í viðbót og slípið á milli umferða. Fara má allt að 7 umferðir af segulmálningunni ef óskað er eftir meiri segulstyrk en hann eykst við hverja umferð



- Þegar síðasta umferð af segulmálningunni er þornuð þarf að grunna með vatnsþynntum grunni
- Til að fá hvíta töflu skal grunna yfir segulmálninguna með hvítum grunni, annars skal mála yfir grunninn með gæðamálningu í þeim lit sem óskað er. Almennt þarf tvær umferðir til að fá fulla þekju, fer eftir lit og eiginleikum málningarinnar
- Þá er komið að glæra tússtöflulaginu. Blandið saman öllum A hluta dósunum í B hluta dósina og hrærið vel með prikinu sem fylgir. Um leið og efnunum er blandað saman þarf að ljúka við að mála með þeim á innan við klukkutíma
- Mælt er með að mála í 1 metra einingum.
 - Skerið í kringum eininguna að innan með pensli
 - Rúllið reitinn með rúllunni sem fylgir málningunni
 - Passið að hafa jafna dreifingu yfir allan flötinn
 - Eftir að einingin er máluð, rýnið í reitinn frá þremur miðmunandi sjónarhornum til að vera viss um að það séu engir skallablettir eða ójöfn dreifing af efni
- Málningin verður snertipurr eftir 5 klst.
- Tússtaflan verður tilbúin til notkunar eftir 4 daga
- Þrífið túss af töflunni daglega fyrstu vikuna eftir að hún er tekin í gagnið
- Útþurrkunareiginleikar töflunnar batna smám saman yfir fyrstu 30 dagana

Leiðbeiningamyndband: <https://www.youtube.com/watch?v=kE8DIH-mq5I&list=PL9F4zJ6fz7ZvbCKddX4oKUSLMdUEoiuXX&index=11>